

5.fundur í hreppsnefnd Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 1.apríl 2026 kl. 14:00. Vegna ófærðar er fundurinn haldinn í fjarfundi.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Delphine Briois Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti ritar fundargerð og óskar samþykktar á fyrirtöku eins máls til viðbótar sem er, að ákvarða um sameiginlega kjörstjórn fyrir sveitarfélögin tvö. Það var samþykkt af hreppsnefnd og verður mál númer 3.

Dagskrá fundarins:

1. Niðurstöður íbúakosninga sem fram fóru 14.-28.mars s.l.
2. Skipun undirbúningsstjórnar vegna gildistöku sameiningar.

### **1. Niðurstöður íbúakosninga um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps**

Lögð fram skýrsla sameiginlegrar kjörstjórnar Árneshrepps og Kaldrananeshrepps vegna íbúakosninga um sameiningu sveitarfélaganna sem fram fóru dagana 14.-28. mars 2026.

Í Árneshreppi voru 54 einstaklingar á kjörskrá. Alls greiddu 44 atkvæði eða 81,48%. 25 sögðu já eða 56,81%, 18 sögðu nei eða 40,90%, 1 seðill var auður eða 2,27%.

Í Kaldrananeshreppi voru 95 á kjörskrá. Alls greiddu 56 atkvæði eða 58,95%. 41 sögðu já eða 73,21%, 12 sögðu nei eða 21,43%, 3 seðlar voru ógildir eða 5,36%.

Niðurstaðan er því sú að sameining var samþykkt í báðum sveitafélögnum.

Sveitarstjórn þakkar samstarfsnefnd um sameiningu og kjörstjórnnum fyrir vel unnin störf. Einnig þakkar sveitarstjórn fyrir góða þátttöku í íbúakosningunni.

### **2.Stjórn til undirbúnings að gildistöku sameiningar Árneshrepps og Kaldrananeshrepps**

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu í íbúakosningum um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps skulu sveitarstjórnir sveitarfélaganna skipa þrjá fulltrúa hvor í stjórn til undirbúnings að gildistöku sameiningar sveitarfélaganna samkvæmt nánara samkomulagi sbr. 1. mgr. 122. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórn samþykkir að eftirtalin skuli vera aðalmenn í stjórn til undirbúnings að gildistöku sameiningar fyrir hönd Árneshrepps.

Aðalfulltrúar eru Arinbjörn Bernharðsson, Delphine Briois og Héðinn Birnir Ásbjörnsson.

Varafulltrúar eru Sigrún Sverrisdóttir og Bjarnheiður J. Fossdal.

Sveitarstjórn Árneshrepps leggur áherslu á að miðað verði við að kosningar í sameinuðu sveitarfélagi fari fram þann 16. maí 2026 og að gildistaka sameiningar miðist við 31. maí nk.

**3. Kjörstjórnir fyrir sveitarstjórnarkosningar 16. maí 2026 og framkvæmd kosninga.**

Lögð fram tillaga samstarfsnefndar um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps um að skipa sameiginlega kjörstjórn Árneshrepps og Kaldrananeshrepps til að hafa yfirumsjón með fyrstu sveitarstjórnarkosningum í sameinuðu sveitarfélagi. Tillagan felur í sér að yfirkjörstjórn verði þannig skipuð:

Aðalmenn: Hildur Aradóttir, Jenný Jensdóttir og Þórólfur Guðfinnsson.

Varamenn: Ingólfur Benediktsson, Bjarnheiður Fossdal og Helga Arngrímsdóttir.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu samstarfsnefndar um sameiningu fyrir sitt leyti. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt fyrir sitt leyti að sameinað sveitarfélag skiptist í tvær kjördeildir við sveitarstjórnarkosningar sem miðist við núgildandi sveitarfélagamörk. Kjörstjórnir sveitarfélaganna verði undirkjörstjórnir í kosningunum og hafi umsjón með kosningum hvor á sínu svæði.

Sveitarstjórn gefur fyrir sitt leyti yfirkjörstjórn umboð til að ákveða kjörstaði, opnunartíma þeirra og hvar og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 15:15.